

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 178/2021

frá 11. júní 2021

**um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum,
vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun ráðsins (ESB) 2017/159 frá 19. desember 2016 um framkvæmd samningsins um framkvæmd samþykktar Alþjóðavinnuáráðsinnar um vinnu við fiskveiðar, 2007, sem gerður var 21. maí 2012 milli Samtaka samvinnufélaga í landbúnaði í Evrópusambandinu (Cogeca), Sambands félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF) og Bandalags landssamtaka fiskveiðifyrirtækja í Evrópusambandinu (Europêche) ⁽¹⁾.
- 2) XVIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 32o (tilskipun ráðsins (ESB) 2018/131) í XVIII. viðauka við EES-samninginn:

„32p. **32017 L 0159**: Tilskipun ráðsins (ESB) 2017/159 frá 19. desember 2016 um framkvæmd samningsins um framkvæmd samþykktar Alþjóðavinnuáráðsinnar um vinnu við fiskveiðar, 2007, sem gerður var 21. maí 2012 milli Samtaka samvinnufélaga í landbúnaði í Evrópusambandinu (Cogeca), Sambands félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF) og Bandalags landssamtaka fiskveiðifyrirtækja í Evrópusambandinu (Europêche) (Stjtið. ESB L 25, 31.1.2017, bls. 12).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Skilja ber vísanir til laga Sambandsins sem vísanir til EES-samningsins.“

2. gr.

Texti tilskipunar (ESB) 2017/159, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 25, 31.1.2017, bls. 12.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.